



Aldursflokkameistaramót Íslands – AMÍ Akureyri 24. - 27. júní 2021

Ágætu félagar,

Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi 2021 (AMÍ) verður haldið á Akureyri dagana 24.- 27. júní. Keppt verður í Sundlaug Akureyrar við Þingvallastræti, en sundlaugin verður lokuð almenningi á meðan á mótshlutum stendur. Boðið verður upp á gistingu í Brekkuskóla á Akureyri en skólinn er staðsettur við hlið sundlaugarinnar. Eins og venja er þegar boðið er upp á gistingu í skólum, þarf fólk að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað. Matur verður einnig framreiddur í Brekkuskóla. Lokahóf fer fram í Íþróttahöllinni sem er staðsett nálægt Brekkuskóla.

Í boði eru eftirfarandi AMÍ pakkar:

Fullur pakki á 24.500.-

- Gisting frá og með fimmtudagskvöldi 24. júní til mánudags 28. júní.
- Matur frá fimmtudagskvöldi fram til mánudagsmorguns 28. júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Pakki án gistingar aðfararnótt mánudags á 23.000.-

- Gisting frá og með fimmtudagskvöldi 24. júní til sunnudags 27. júní.
- Matur frá fimmtudagskvöldi fram til sunnudags 27. júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Gisti- og fæðispakkar standa einnig dómurum til boða.

Athugið að einnig verður hægt að kaupa stakar máltíðir og miða á lokahóf á meðan á móti stendur. Stakar máltíðir kosta 1600.- og miði á lokahófið kostar 6500.-.

Skráning í mat og gistingu

Skráningar í AMÍ pakka skulu berast Sundfélaginu Óðni í tölvupósti á netfangið gjaldkeri@odinn.is fyrir **15. júní**. Skráningum skal skila á **meðfylgjandi eyðublaði** en þar þarf einnig að koma fram fjöldi bola í hverri stærð. Greiða þarf fyrir AMÍ pakkana **í seinasta lagi 22. júní**.

Vinsamlegast athugið að matar- og gistipassar verða afhentir frá 16:00 - 20:00 í Brekkuskóla fimmtudaginn 24. júní og þá aðeins gegn framvísun á staðfestingu á greiðslu (til dæmis útprentun úr heimabanka).

Öllum spurningum varðandi ofangreindar upplýsingar skal beina á gjaldkeri@odinn.is.

Frekari upplýsingar um mótið munu birtast á heimasíðu Óðins (odinn.is) og á sérstakri Facebooksíðu AMÍ 2021 þegar nær dregur mótinu. Þar verða t.a.m. settar inn upplýsingar um mögulegar ráðstafanir vegna sóttvarna, matseðill og aðrar praktískar upplýsingar. Við hvetjum ykkur því til þess að fylgjast vel með á þessum miðlum. Einnig er hægt að senda almennar fyrirspurnir á mótsstjóra á hildurfri@gmail.com.

Mætum með bros í hjarta svo við getum átt saman góðar stundir!

Fyrir hönd AMÍ undirbúningsnefndar Óðins,

Hildur Friðriksdóttir